

Nd.

187. Frumvarp til laga

um iðnlánasjóðsgjald.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Af öllum innfluttum fullunnum iðnaðarvörum, nema matvælum, eldsneyti og ljósmeti, skal greiða $\frac{1}{2}\%$ — hálfan af hundraði — af innkaupsverði varanna, og rennur gjald þetta í iðnlánasjóð.

2. gr.

Gjald þetta skal reikna á sama hátt og tolla og önnur aðflutningsgjöld og innheimtist um leið og þau og af sömu aðilum.

3. gr.

Viðskiptamálaráðuneytið skal, í samráði við Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenskra iðnrekenda, semja skrá yfir vörur þær, sem gjaldskyldar verða samkvæmt lögum þessum, og senda þær öllum innheimtumönnum gjaldsins.

4. gr.

Öll iðnaðar- og iðjufyrirtæki skulu greiða iðnlánasjóðsgjald, sem nemur $\frac{1}{4}\%$ — einum fjórða af hundraði — af öllum greiddum launum við fyrirtækið.

5. gr.

Gjald það, sem um ræðir í 4. gr., skal reiknað út af skattanefndum, í Reykjavík af skattstjóra, um leið og tekju- og eignarskattur, og innheimtist á sama hátt og af sömu aðilum.

6. gr.

Undanþegin gjaldi þessu eru þau fyrirtæki, sem eru eins manns eign, enda vinni ekki aðrir en hann við fyrirtækið.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk Landssambands iðnaðarmanna og Félags ísl. iðnrekenda og í sambandi við frv. til l. um breyting á lögum nr. 12 9. jan. 1935, um iðnlánasjóð.

Um frv. þetta vísast því til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. um iðnlánasjóð, en auk þess skal þetta tekið fram um einstakar greinar:

Um 1. gr. Rétt þykir, að til styrktar iðnaðinum sé lagt gjald á fullunnar iðnaðarvörur, sem fluttar eru inn, stundum að þarflausu og í samkeppni við innlendan iðnað. Matvæli, eldsneyti og ljósmeti eru þó undanskilin. Skrá sú, sem talað er um í 3. gr., á að innihalda tæmandi upptalningu á þeim vörum, sem þetta gjald greiðist af.

Um 2. gr. Aðferð sú, sem hér er stungið upp á að hafa við útreikning og innheimtu gjaldsins, ætti ekki að þurfa að baka_rikissjóði neinn sérstakan kostnað.

Um 3. gr. Þarf ekki skýringar við.

Um 4. gr. Með ákvæði þessarar greinar á að sýna, að iðnaðar- og iðjufyrirtækin í landinu vilji sjálf leggja eitthvað af mörkum til styrktar málinu, en heimti ekki allt af öðrum, eins og því miður er allt of títt.

Um 5. gr. Hér á við það sama og segir um 2. gr.

Um 6. gr. Grein þessi á að undanþiggja heimilisiðnað og smæstu iðnfyrirtæki greiðslu þess gjalds, sem um ræðir í 4. gr.